

REGLUGERÐ um breytingu á reglugerð um eftirlitsnefnd fasteignasala, nr. 931/2016.

1. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 19. gr. koma þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:
Fjárhæð gjaldsins miðast við almanaksár.

Nú faer fasteignasali löggildingu eftir 1. janúar og skal þá eftirlitsgjaldið vegna þess árs lækka hlutfallslega. Fái fasteignasali löggildingu eftir 1. júlí skal gjalddagi eftirlitsgjaldsins vera eigi síðar en tveimur mánuðum eftir veitingu löggildingar, þó aldrei síðar en 1. janúar næsta ár.

Nú hefur fasteignasali greitt eftirlitsgjald en hættir störfum eða er sviptur löggildingu áður en sá tími sem fjárhæð gjaldsins er miðuð við er liðinn og á hann þá rétt til hlutfallslegrar endurgreiðslu gjaldsins.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í h-lið 26. gr., sbr. 5. mgr. 20. gr. laga um sölu fasteigna og skipa, nr. 70/2015, öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. júní 2017.

F. h. ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

Ingvi Már Pálsson.

Heimir Skarphéðinsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. júní 2017